



ÁRSSKÝRSLA
Byggðasafns Skagfirðinga
fyrir árið 2012

Formáli

Byggðasafn Skagfirðinga er fræðslu-, þjónustu og rannsóknastofnun sem varðveitir, rannsakar og miðlar heimildum um áþreifanlegan og óáþreifanlegan menningararf Skagfirðinga. Safnstefna fyrir árin 2010-2013 var endurskoðuð haustið 2012 og hafin stefnumótun fyrir næsta tímabil, sem mun ná til árána 2014-2017. Holt er að staldra við og sjá hverju hefur verið áorkað, hverju er lokið og hvað þarf að bæta á næstu misserum. Safninu var skipt í rekstrar-, rannsókn- og miðlunarsvið um áramótin 2010-2011 eins og gert var ráð fyrir.¹ Áform um rannsóknir og miðlun hafa gengið eftir en „sameiginlegt geymslu- og sýningarhúsnæði með öðrum söfnum sveitarfélaga“² er enn ófundið. Salernishúsi, með góðu aðgengi, hefur verið komið upp við bílastæði safnsins eins og að var stefnt en þau markmið sem lögð voru fram í safnstefnunni og lúta að bótum á safnhúsum eru mörg enn óuppfyllt.³ Má þar nefna t.d. viðgerðir á þaki Minjahússins þar sem aðal geymsla safnsins er. Áform um húsnæðismál safnsins nást ekki nema með aðkomu Eignarsjóðs sveitarfélagsins.⁴ Í fjárhagsáætlun ársins 2013 er gert ráð fyrir Áshússkjallaraðgerðum sem nú eru í vinnslu, en aðgerðamarkmið um Minjahúsið og Árbakka - Suðurgötu 5 - á Sauðárkróki nást ekki fyrir árslok 2013.⁵ Safnið hefur ekki tekið þátt í nokkrum verkefnum sem nefnd eru í Safnstefnunni, svo sem í verkefnum með Hólaskóla, hvorki Hólarannsókninni né í Staðarvarðanámsskeiði og ekki hefur tekist að fjármagna þjóðháttasöfnun og húsakannanir, eins og áform voru um.⁶

Að þessu sinni fylgir ársskýrslunni aukakaflí, *Annáll* um húsnæðismál safnsins frá upphafi til ársloka 2012. Árið 2013 verða liðin 65 ár frá stofnun safnsins árið 1948. Árið 2012 voru 60 ár frá opnun fyrstu sýningarinnar í gamla bænum í Glaumbæ þann 15. júní árið 1952. Annállinn er holl lesning fyrir þá sem að safninu standa og væntanlega fleiri. Nauðsynlegt er að tryggja safninu öruggt húsnæði til langrar framtíðar ef það á áfram að dafna og styrkjast. Þá er ljóst að safngestir eru að sprengja safnsvæðið í Glaumbæ og við því þarf að bregðast í þeirri deiliskipulagsvinnu sem nú stendur yfir.

¹ Stefna Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013, *Söfnun, varðveisla, rannsóknir, miðlun, fræðsla, samvinna*. Bls.7. Sjá: [http://www.skagafjordur.is/upload/files/Safnstefna%20BSk%2010-13\(1\).pdf](http://www.skagafjordur.is/upload/files/Safnstefna%20BSk%2010-13(1).pdf). Skoðað 29.3.2013.

² Stefna Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013, ... Bls.13.

³ Stefna Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013, ... Bls.15.

⁴ „Eignasjóður leigir út fasteignir til stofnana sveitarfélagsins og innheimtir leigu (svokallaða innri leigu) í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnað vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skatta og tryggingar, viðhaldskostnað fasteignar og lóðar, auk eðlilegrar þóknunar eignasjóðs fyrir umsýslu. Leigutekjur eignasjóðs skulu standa undir rekstri einstakra eigna“ (tilvitnun: http://www.skagafjordur.is/displayer.asp?cat_id=59, í janúar 2013)

⁵ Stefna Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013, ... Bls.7-8.

⁶ Stefna Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013, ... Bls.17-18.

Efnisyfirlit

Formáli	1
Starfsfólk	3
Sjálfboðaliðar	4
Söfnun heimilda, skráningar	4
Miðlun	4
Millisafnalán.....	4
Smárit	5
Rannsóknaskýrslur	6
Greinar og erindi	6
Ýmis verkefni, samstarf og ferðapjónusta	7
Atvinnulífssýning.	7
Viðimýrarkirkjugæsla	7
Á Sturlungaslóð.....	7
Íslenski safnadagurinn	7
Huggulegt haust	7
Sögusetur íslenska hestsins	7
Tyrfingsstaðaverkefnið	7
Til minningar um Sínu og Ingimund.....	9
Jólaljósahátíð.	10
Styrkir	11
Safngestir	12
Starfsemi fornleifadeildar 2012/Guðný Zoëga	13
Strandminjaskráning.....	13
Málmeyjarrannsókn.	13
Byggðasögurannsókn.....	13
Gagnagrunnur um byggðasögu.....	14
Skagfirska kirkjurannsóknin.....	14
Rannsóknir og útgáfa niðurstaðna úr Keldudalsuppgreftri.....	14
Aðrar rannsóknir	15
Fornleifaskráning vegna deiliskipulags	15
Fornleifarannsókn að Skógum í Fnjóskadal	15
Annáll húsnaðismála hjá Byggðasafni Skagfirðinga	16


Ljósmyndir eru frá Byggðasafni Skagfirðinga, nema annars sé getið.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2013. Sigríður Sigurðardóttir.

Starfsfólk

Starfsemin væri engin ef ekkert væri starfsfólkið. Samtals unnu samtján manns við safnið á árinu 2012 í 7,8 stöðugildum. Ef talin eru með þau 15 sem verkefnaráðin voru til skamms tíma í rannsóknarstörf við Fornleifadeildina voru 32 í starfsmannahópnum. Fimm voru í heilsársstöðum. Tólf voru verkefnaráðnir safn- og staðarverðir og sérfræðingar til skemmri tíma. Auk launaðra starfsmanna tóku átta sjálfboðaliðar þátt í ýmsum viðburðum safnsins á árinu. Í heilsársstöðum eru: Guðný Zoëga, fornleifafræðingur sem stýrir Fornleifadeildinni. Bryndís Zoëga, landfræðingur sem vinnur við fornleifaskráningu og kortagerð og er verkefnis- og skráningarstjóri Fornverkaskólans. Guðmundur St. Sigurðarson, fornleifafræðingur sem vinnur við fornleifaskráningar, -uppgrefti og fleiri verkefni. Stefanía Inga Sigurðardóttir, safnvörður, sem er í hálfri stöðu yfir vetrartímann við skráningar, varðveislu og miðlun á móti háskólanámi og í fullri stöðu sem sumarsafnvörður. Fimmti ársráðni starfsmaðurinn er safnstjórinn, sem er Sigríður Sigurðardóttir, kennari og sagnfræðingur. Safn- og staðarverðir í móttöku gesta og í safngæslu í Glaumbæ og Minjahúsinu á Sauðárkróki, auk Stefaníu Ingu voru: Arnar Sigurðsson, fjölbrautaskólanemi, Bryndís Rut Haraldsdóttir, fjölbrautaskólanemi, Brynhildur Þórarinsdóttir, stúdent, Inga Katrín D. Magnúsdóttir, þjóðfræðinemi, Jóhann Viðar Hjaltason, menntaskólanemi, Óskar Smári Haraldsson, framhaldsskólanemi og Róbert R. Guðmundsson, menntaskólanemi.





Samtals tóku 34 einstaklingar þátt í verkefnum tengd safninu á árinu 2012, að meðtöldum starfsmönnum þess. Grafið sýnir fjölda einstaklinga í safntengdum störfum á árunum 2006-2012.

Sjálfboðaliðar

Átta sjálfboðaliðar tóku þátt í safnstörfum á árinu. Þeir voru: Margrét Ingvarsdóttir, sem sýndi handbrögð við hrosshársvinnu á Safnadaginn, Jóna Gísladóttir sem sýndi handbrögð við hrosshárs- og ullarvinnu á Safnadaginn, Sigríður Magnúsdóttir sem strokkaði smjör og liðsinnti á margan máta á Safnadaginn og oftast, og María og Guðríður Helgadóttir sem sýndu sauma- og þrjónaskap á Safnadaginn. Margrét og María hafa tekið þátt í handbragðasýningum árlega á Safnadögum frá 1994. Sjálfboðaliðar eru ómetanlegt fólk.

Söfnun heimilda, skráningar

Á árinu voru skráðir yfir 500 gripir í *Aðfangabók* safnsins og í *Sarp*. Skráðir safngripir eru orðnir 5000 talsins. Í *Sarp* voru einnig skráð 234 mannanöfn. 362 gripir voru skráðir á biðlista úr minjasafni Kristjáns Runólfssonar, sem falla ekki að söfnunarstefnu byggðasafnsins.⁷



Miðlun

Árið 2012 stóð safnið að fjölþættri miðlun, með sýningum, útgáfustarfsemi, kynningum og ýmsum verkefnum, m.a. með fyrirlesturum, kennslu greinaskrifum og í fjölmiðlum.


Millisafnalán. Safngripir eru í láni í sýningum á Sögusetri íslenska hestsins og á Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Klyfsöðull þessi, sem er í sýningu í Sögusetrinu, var lagður á hest, til að hengja á koffort eða klyftöskur.


⁷ Minjasafn Kristjáns Runólfssonar var fært Byggðasafni Skagfirðinga til eignar. Kristján hafði safnað munum víða af landinu í um fjóra áratugi. Í safni hans eru sennilega um 6000 munir.

Smárit. Í mars kom út smáritið *Traditional building methods*, sem er þýðing Önnu H. Yates á smáritinu *Gamlir byggingahættir*, eftir Sigríði Sigurðardóttur. Smáritið var þýtt sem itarefni vegna vaxandi fjölda útlendra nemenda á Fornverkaskólanámskeiðum. Í smáritinu er bent á dæmi um mismunandi byggingar og drepið á helstu afbrigði grinda- og þakgerða og veggjahleðslu. Fjallað er almennt um húsagerðir og svo hvert afbrigði fyrir sig en einkum er horft til burðarvirkis (húsgrinda og þakviða) í búpeningshúsum. Tilgangurinn er fyrst og fremst sá að gefa hugmynd um fjölbreytileika byggingararfsins.

Bók um skagfirskt handverk. Í febrúar kom út bókin *Lífsins blómasystur* sem fjallar um hannyrðakonur af Svaðastaðaætt í Skagafirði. Höfundur er Inga Arnar þjóðfræðingur og textilkennari. Bókin byggir á rannsóknum hennar á sögu og handverki kvenna af Svaðastaðaætt. Á Svaðastöðum bjó sama ættin nær óslitið í tvær aldir. Ábúendur þar hafa löngum verið þekktir fyrir ræktun góðhesta en minna hefur verið rætt um kvenlegg Svaðastaðaættarinnar sem var annálaður fyrir hannyrðir og annað handverk. Svaðastaðakonur miðluðu þekkingu sinni milli kynslóða og bæði handverk og merkilegir munir hafa varðveist frá þeim, allt frá ættmóðurinni Rannveigu Jóhannesdóttur sem var fædd árið 1797. Í bókinni fjallar Inga Arnar ítarlega um konurnar, sögu þeirra og handverk. Byggðasafn Skagfirðinga gaf bókina út með styrk frá Menningarsjóði Norðurlands vestra.



Rit um miðaldakirkjur. Gefið var út 1. hefti í ritröð sem byggðasafnið hyggst gefa út til að kynna niðurstöður rannsókna sem fram fara á vegum safnsins. Í fimm ár hafa farið fram sagnfræðilegar rannsóknir á skagfirskri kirkjusögu með áherslu á elstu kirkjur í byggðum Skagafjarðar undir rannsóknarheitinu *Skagfirska kirkjurannsóknin*. Í ritinu er fjallað um þá hlið rannsóknarinnar sem byggist á könnun og samanburði ritheimilda, örnefna og munnmæla og skoðað hvernig þau falla að niðurstöðum nýjustu fornleifarannsókna á elstu kirkjugörðum. Óhætt er að fullyrða að margt óvænt hefur komið í ljós við rannsóknina. Höfundur er Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur. Menningarsjóðir Norðurlands vestra og Kaupfélags Skagfirðinga styrktu útgáfu ritsins.



Rannsóknaskýrslur

1. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga (2012). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Kálfsþamar, Saurar og Ós*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/122. Sauðárkrókur.
2. Bryndís Zoëga (2012). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Balaskarð og Skrapatunga*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/123. Sauðárkrókur.
3. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2012). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Hafursstaðir, Kambakot og Kjalarland*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/124. Sauðárkrókur.
4. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2012). *Fornleifaskráning Skagabyggðar Hvammkot*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/125. Sauðárkrókur.
5. Bryndís Zoëga (2012). *Fornleifaskráning Skagabyggðar. Skúfur, Kirkjubær, Neðstibær og Hvammshlíð*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/127. Sauðárkrókur.
6. Guðný Zoëga (2012). *Skagfirska kirkjurannsóknin - framvinduskýrsla 2011*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/127. Sauðárkrókur.
7. Guðmundur St. Sigurðarson, Þór Hjaltalín og Guðný Zoëga (2012). *Vík í Víkurtorfu - Skýrsla vegna neyðarrannsóknar 2010*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/128. Sauðárkrókur.
8. Guðný Zoëga (2012). *Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar V. Byggðasögurannsókn*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/129. Sauðárkrókur.
9. Guðný Zoëga (2012). *Helgustaðanáman í Reyðarfirði. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/130. Sauðárkrókur.
10. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson (2012). *Fornleifaskráning á veituleið Blönduvirkjunar*. Rannsóknaskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 2012/ 131. Sauðárkrókur.

Greinar og erindi. Brian N. Damiata, John M. Steinberg, Douglas J. Bolender, Guðný Zoëga 2012. Imaging skeletal remains with ground-penetrating radar: comparative results over two graves from Viking age and medieval churchyards on the Stóra-Seyla farm, northern Iceland. *Journal of Archaeological Science*, 40(1), 268-278.

Guðmundur Stefán Sigurðarson hélt erindi sem hann kallaði: Stóriðja á miðöldum – Rannsókn járnvinnslluminja á Skógum í Fnjóskadal á aðalfundi Hins íslenska fornleifafélags, í desember 2012.

Guðný Zoëga hélt erindi um rannsóknir á skagfirskum miðaldakirkjugörðum við fornleifadeild Boston háskóla í september 2012 og á Hugvísindapingi við Háskóla Íslands í mars 2012. Hún hélt einnig kynningarfyrirlestur um fornleifastarfsemi safnsins fyrir hóp Breta sem heimsóttu Skagafjörð á vegum Fornverkaskólans sumaríð 2012.

Sigríður Sigurðardóttir hélt kynningarfyrirlestur um starfsemi safnsins fyrir hóp Skota sem heimsóttu Skagafjörð á vegum Fornverkaskólans sumarið 2012. Hún hélt einnig erindi um starfsemi safnsins fyrir Lyons menn á Hofsósi og á Sauðárkróki.

Ýmis verkefni, samstarf og ferðaþjónusta

Safnið er í samstarfi við nokkra aðila heima og heiman, einstaklinga, félög og stofnanir.

Atvinnulífssýning. Safnið tók þátt í atvinnulífssýningu þeirri sem sett var upp í íþróttahúsinu á Sauðárkróki í apríllok.

Viðimýrarkirkjugæsla. Undanfarinn áratug hafa starfsmenn safnsins leyst staðarhaldara á Viðimýri af við gæslu kirkjunnar. Yfirleitt sem svarar til um tveggja vikna hvert sumar. Staðarhaldarar á Viðimýri eru starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands.

Á Sturlungaslóð. Safnið leggur ferðaþjónustuverkefninu Á Sturlungaslóð lið með vinnuframlagi starfsmanna til ýmissa verkefna, s.s. textaskrifa.

Íslenski safnadagurinn. Safnadagurinn er haldinn annan hvern sunnudag júlímánaðar ár hvert. Strokkað var smjör í gamla bænum í Glaumbæ í tilefni dagsins og boðið upp á smjörsmakk með harðfiski og rúgbrauði. Í baðstofunni voru sýnd ýmis handbrögð og aðferðir við að breyta ull og hrosshári í þráð sem úr er unnið fallett handverk. Og svo voru teknar nokkrar stemmur. Börn léku sér í búleik, reistu horngemling, fóru í brókina hans Skíða og margt fleira. Gestir dagsins voru 585.

Huggulegt haust. Safnið tók þátt í verkefninu Huggulegu hausti í október, með því að opna Minjahússýningar laugardaginn 13.okt. og sunnudaginn 14. okt. Sara R. Valdimarsdóttir, kennari, fjallaði um skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi. Gestir helgarnar voru 43.

Sögusetur íslenska hestsins. Sögusetrið var forstöðumannslaust á árinu vegna óvissu um fjármögnun. Safnið gekk í ábyrgð fyrir Hjördísi Kvaran, sem var ráðin til að stýra sumarstarfinu, en hún hafði sinnt sýningargæslu á setrinu sumarið áður. Með henni voru ferðamálafræðinemar við Hólaskóla ráðnir í leiðsögn og gæslu á sýningu setursins. Starfsmenn byggðasafnsins leystu af við gæslu. Gestir Sögusetursins á árinu 2012 voru um 750.

Tyrfingsstaðaverkefnið. Á Tyrfingsstöðum á Kjálka standa enn nokkur hús frá því búið var þar, fram til 1969. Þau skapa einstaklega merkilega minjaheild frá fyrri hluta 20. aldar. Árið 2007 undirrituðu safnstjóri og eigendur Tyrfingsstaða samning þess efnis að reynt yrði að endurheimta húsin á bænum og nýta þau sem kennsluefni í samstarfsverkefni sem hrint var úr vör það ár undir heitinu Fornverkaskólinn. Verkefnið hefur gengið umfram væntingar og smám saman rísa húsin á Tyrfingsstöðum upp aftur.



Tyrfingsstaðir haustið 2012. Norðvestur horn búrsins er næst á myndinni. Þil framhússins er fjær.

Fornverkaskólinn hélt fjögur námskeið, í torfhleðslu og grindarsmiði. Helmingur þeirra 27 nemenda sem sóttu námskeiðin komu erlendis frá. Á þessu sjötta starfsári Fornverkaskólans voru nemendur hans orðnir hátt á annað hundrað frá upphafi. Þrjú námskeið voru haldin á Tyrfingsstöðum og eitt í Hjarðarhaga á Jökuldal þar sem gert var við fjárhús og hluta hlöðu. Það var fyrsta námskeiðið sem haldið hefur verið utan Skagafjarðar.



Á myndinni til vinstri er hópur nemenda frá Southern Connecticut State University að fjarlægja ónýtan torfvegg við suðurhlíð baðstofunnar á Tyrfingsstöðum 4. júní 2012. Á myndinni til hægri er Helgi Sigurðsson að leiðbeina nemendum um hvernig á að beita torfljá við torfskurðinn. Ljósmynd Sian Loftus.

Verkefnisstjóri Fornverkaskólans tók á móti hópi ferðabjónustu- og minjaverndar-fólks frá Skotlandi sem vildi kynna sér íslenskan byggingararf og varðveislu hans auk menningartengdrar ferðabjónustu. Heimsóknin hópsins var hluti af Evrópuverkefni sem Fornverkaskólinn var þátttakandi í og nefnist CHIST eða Cultural Heritage Interpretation and Sustainable Tourism. Styrkt af Menntaáætlun Evrópusambandsins. Samstarfsaðili Fornverkaskólans í verkefninu voru skosk samtök sem nefnast Arch Network. Menningarráð Norðurlands vestra sem stutt hefur dyggilega við Forn-

verkaskólanum frá upphafi veitti honum 300.000 kr. styrk. Mennta- og menningar-
málaráðuneytið veitti Fornverkaskólanum styrk að upphæð 500.000 kr. Sjá nánar
um starfsemi Fornverkaskólans á heimasíðu verkefnisins: www.fornverkaskolinn.is.

Kljásteinavefstaður. Um mánaðarmótin maí – júní var smíðaður miðaldavefstóll
(vefstaðar) í samstarfi við Safnamiðstöð Hörðalandsfylkis í Noregi og Fornverkaskól-
ann. Verkið var unnið fyrir styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra og Hóla-
nefnd, sem gaf mestallt efni í stólinn. Trésmiðjan Ýr hýsti verkefnið á meðan á smíð-
unum stóð, án endurgjalds. Stóllinn var settur upp í Auðunarstofu á Hólum, enda er
samhljómur í aðferðum við smíði hússins og vefstólsins. Bæði standa þau fyrir
norskan menningararf og tengsl við Noreg á miðöldum. Vefur var settur upp í
vefstaðinn og ofið á hann.



Atle Ove Martinussen forstöðumaður safnamið-
stöðvar Hörðalands, Bragi Skúlason smiður á Sauð-
árkróki og Kjetil Monstad frá Osterøy safninu í
Noregi spá í vefstólssmíði.



Á neðri myndunum er
Ragnheiður Þórsdóttir
vefari búin að setja
upp í vef í nýsmíðaðan
stólinn. Fyrir valinu
varð röggvarfelds-
vefnaður. Aðferðin við
að vefa röggva í vef
hefur nýlega verið
endurlífuguð eftir mikl-
ar rannsóknir. Rögg-
varfeldsvefnaður var
gleymdur á Íslandi,

sem er merkilegt í ljósi þess að röggvarfeldir voru mikilvægar útflutningsvörur frá landnámi til
um 1300 og leifar röggvarfelda hafi margsinnis fundist í fornleifauppgröftum. Þessi gerð vef-
stóls er kennd við steinana sem halda vefnum niðri og „kljást“ á meðan ofið er. Vefstaðir hurfu
úr notkun á 19. öld.

Til minningar um Sínu og Ingimund. Guðríður Bjargey Helgadóttir frá Austurhlíð,
sem hefur verið sjálfboðaliði og hollvinur safnsins til margra ára, gaf safninu tvö vegg-
teppi. Hún tók upp munstur af gömlum teppum sem héngu á veggjum í Árbakka,
Suðurgötu 5 á Sauðárkróki, sem Sveinsína Bergsdóttir (1894-1981) hafði saumað
sennilega um miðja 20. öld. Sveinsína bjó á Árbakka ásamt manni sínum, Ingimundi

Bjarnasyni (1886-1976) járnsmið frá 1925 til hinsta dags. Guðríður naut oft gestrisni þeirra og vildi minnst þeirra með þesum hætti.

Rýmri opnunartími og rökkurgöngur. Safnið og Áskaffi voru opin fyrir gesti flestar helgar frá hausti til jóla. Sú nýbreytni varð í haust að Áskaffi var opið um helgar fram að jólum. Boðið var upp á heitt súkkulaði, kaffi, te, kaffibrauð og kökur, tertur og sunnudagshádegismat að hætti ömmu. Oft var rólegt í kaffistofunni en gestir sem



þangað komu voru afar glaðir að fá slíkan viðgjörning á þessum árstíma. Kaffistofan var skreytt hátt og lágt með 20. aldar jóla-skrauti á aðventu jólanna og var boðið upp á ýmislegt fallegt og bragðgott góðgæti, eins og kaniltertumyndin ber með sér. Starfsfólk safnsins bauð upp á rökkurgöngur í gamla bæinn tvo sunnudaga á aðventunni og notuðu sér það tæpt eitt hundrað manns.

Kanilberta er sex laga, súkkulaðihjúpuð, terta með rjóma á milli laga og skreytt með rauðum berjum. Eins og nafnið bendir til er kanill aðalkryddið. Tertan hefur verið bökuð á íslenskum heimilum um árabil, til spari og háttíðabrigða. Hún er afar skrautleg og sómir sér vel í jólaboðum.

Jóla jólahátíð. Þann 1. desember var kveikt á jólatrénu á Kirkjutorgi. Í tilefni þess opnaði safnið sýningarsali í Minjahúsinu. Þar komu 10. bekkingar Varmahlíðarskóla að safna fyrir ferðalagi til Danmerkur með allskonar uppátækjum. Gestir dagsins voru 67.

Viðgerðir. Helgi Sigurðsson, torfskurðarmeistari, gerði við torfveggi í Langabúri, Litlabúri og Brandahúsi í gamla bænum í Glaumbæ og tók niður þak og alla veggi Baðstofunnar og endurhlóð hana og tyrfði. Viðgerðir fóru fram á vegum Þjóðminjasafns Íslands.



Baðstofan með nýhlöðnum veggjum úr streng, eins og áður var, og strengir eru skaraðir á þakið. Myndin er tekin í september 2012.

Trésmiðir hjá Trésmiðjunni Ýr smíðuðu nýjan stiga austan á Áshúsið. Stiginn var lengdur um eitt þrep og bilið á milli þrepanna stýtt. Til að mæta styttingunni var lögð stétt á móti stiganum. Þökulagt var sunnan við húsið þar sem áður hafði verið mól. Þrjár tröppur voru settar í stað tveggja vestan við húsið.

Í Minjahúsinu voru lagaðar rafmagnslagnir og rafmagnstaflan var endurnýjuð.

Styrkir

Safnasjóður veitti safninu 1,4 millj. kr. í rekstrarstyrk og 1 millj. kr. í verkefnisstyrk til munaskráninga.


Safnið fékk 200 þús. kr. styrk úr Menningarsjóði Norðurlands vestra til smíða kljasteina-vefstól að miðaldagerð.

Húsafriðunarnefnd veitti 300 þús. kr. styrk til Tyrfingsstaðaverkefnisins.

Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga veitti 500 þús. kr. styrk til Tyrfingsstaðaverkefnisins og 200 þús. kr. til útgáfu rits um skagfirskar miðaldakirkjur.

Hreppsnefnd Akrahrepps hefur ákveðið að styrkja Tyrfingsstaðaverkefnið um 1,6 millj. kr. 1 millj. króna á árinu 2013, og 200 þúsund á hverju ári 2014, 2015 og 2016.

Heildarstyrkir sem fengust til rannsóknarverkefna fornleifadeildar voru tæplega 8,8 milljónir árið 2012. Fornleifasjóður veitti 4,5 milljónum til þriggja verkefna og Menningarsjóður Norðurlands vestra veitti 900 þúsundum til tveggja verkefna. Deildin vann að tveimur samstarfsverkefnum með teymi bandarískra sérfræðinga (SASS) sem hefur stundað jarðsjár- og fornleifarannsóknir í Skagafirði frá árinu 2001. Annað verkefnanna var unnið fyrir styrk frá Bandaríska rannsóknarsjóðnum (*National science foundation/NSF*) alls um 2,6 milljónir en hitt með styrk frá Kenyon háskóla í Ohio um 790 þúsund krónum.




Yfirlit yfir styrki 2006-2012. Á árunum 2006 og 2007 veitti Fjárlaganefnd Alþingis háa styrki til Kolkuóss-rannsókna. Upphaflega fóru þær fram undir merkjum Bygðasafns Skagfirðinga en hafa farið fram á vegum Hólaskóla síðan 2008.

Safngestir

Safnið bauð gestum frían aðgang að öllum sýningum safnsins þann 15. júní í tilefni þess að þann dag fyrir 60 árum var fyrsta sýning safnsins opnuð í gamla bænum í Glaumbæ. Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 1948 en sýningin í Glaumbæ var opnuð þann 15. júní 1952. Starfsmenn og um 250 gestir gerðu sér glaðan dag af þessu tilefni.

Sýningagestir safnsins á árinu 2012 voru 35.050. Alls komu 32.813 gestir í gamla bæinn í Glaumbæ og 2.237 í Minjahúsið á Sauðárkróki. Á sýningar sem safnið hefur lánað muni til, á Vesturfarasetrinu á Hofsósi og Sögusetri íslenska hestsins á Hólum, voru gestir u.þ.b. 5500.



Grafið sýnir gestafjölda á sýningum á árunum 2006-2012.



Óvenju mikill snjór féll í september og október, sem ekki tók upp fyrr en árið 2013. Ófært var að húsum meira og minna í tvo mánuði ef hreyfði vind. Snjór og svell kæfðu allan gróður og blöstu við kalblettir á safnlóðinni þegar snjóa leysti, sem ekki var fyrr en á þorra. Erlendir gestir dáðust mjög að bænum og nágrenni hans í þessum ham.

Starfsemi fornleifadeildar 2012/Guðný Zoëga

Starfsemi fornleifadeildar var að vanda fjölþætt og skiptust þar á verkefni innan og utan héraðs. Auk þeirra þriggja starfsmanna sem vinna við rannsóknir safnsins á heilsárs grundvelli komu 15 aðrir starfsmenn að verkefnum deildarinnar, bæði verkefnaðir sem og sérfræðingar sem kostaðir voru með ýmsum styrkjum. Hér er tæpt á helstu verkefnum deildarinnar 2012.

Strandminjaskráning. Ráðist var í skráningu fornleifa sem eru í hættu vegna landeyðingar af völdum ágangs sjávar, á austurströnd Skagafjarðar. Á síðustu áratugum virðist landbrot á austurströnd fjarðarins hafa aukist en engin heildarúttekt hefur farið fram á fornleifum sem kunna að vera í hættu vegna þessa. Ljóst var að nokkur fjöldi minja hefur nú þegar horfið í hafið og um 200 eru í hættu vegna landbrotsins. Vonast er til að hægt verði að ljúka skráningunni sumarið 2014. Rannsóknin var styrkt af Fornleifasjóði.

Málmeyjarrannsókn. Fornleifadeildin stóð fyrir fornleifauppgreftri og skráningu búsetuleifa í Málmey á Skagafirði. Verkefnið var unnið í samstarfi við starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar og munu niðurstöðurnar verða hluti af umfjöllun um eyna í sjöunda bindi byggðasögunnar. Markmið rannsóknarinnar var að mæla upp sýnilegar minjar á yfirborði eyjunnar og aldursgreina valdar minjar með borkjörnum og smærri könnunarskurðum. Einnig var ætlunin að kanna hvort hægt væri að staðfesta þar forna kirkju og kirkjugarð.

Alls voru skráðar 65 minjar í eyinni allt frá elstu byggðmerkjum til byggingaleifa frá miðri 20. öld. Borkjarnar voru teknir á nokkrum stöðum sem og könnunarskurðir. Af rannsókninni varð ljós að búseta í eyinni nær aftur til 10. aldar og að bærinn hefur fyrrum staðið austar en síðar varð. Bæjarstæðið virðist hafa flust fyrir aldamótin 1100. Hinsvegar er ljóst að ekki hefði mátt seinna vera að skrá minjarnar þar sem að eyjan er að stórum hluta að hverfa í þykkan hvannskóg. Ekki var hægt að staðfesta tilvist kirkjugarðs. Menningarráð Norðurlands vestra styrkti verkefnið.

Kári Gunnarsson byggðasöguritari og Bryndís Zoëga, starfsmaður byggðasafnsins, við uppgröft á meintum kirkjugarðsleifum.



Byggðasögurannsókn. Undanfarin ár hafa starfsmenn fornleifadeildar og Byggðasögu Skagafjarðar unnið sameiginlega að minni fornleifarannsóknum á fjölmörgum stöðum í tengslum við ritun Byggðasögunnar. Reynt er að greina aldur og gerð

ýmissa minjastaða sem lítil vitneskja er til um. Rannsóknirnar fara fram með uppmælingum minja með nákvæmum gps tækjum og frekari aldurgreiningum með bor-kjarnatöku eða smærri könnunarskurðum. Sumarið 2012 voru nokkrir staðir kannaðir í Deildardal og í Óslandshlíð. Rannsóknunum mun framhaldið sumarið 2013.

Gagnagrunnur um byggðasögu. Framhald varð á gerð gagnagrunns um forna byggð í Skagafirði. Gagnagrunnurinn er unninn í samstarfi við starfsmenn Byggðasögu Skagafjarðar. Við ritun Byggðasögunnar hafa verið skráð öll fornbylí, bæði þau sem þekkt eru og sem hafa fundist við vettvangsferðir byggðasöguritara, auk þess sem ýmsar minjar svo sem sel og beitarhús hafa einnig verið skráð og hnitsett. Þessar upplýsingar eru hinsvegar allar í megintexta byggðasögunnar og því ekki mjög aðgengilegar þeim sem vilja kynna sér fornbyggð Skagafjarðar nánar. Í gagnagrunninum eru allar minjar sem getið er í byggðasögunni settar upp í lista með hnitum og má því nálgast upplýsingarnar í tölvu og jafnvel skoða þær í kortagrunni. Verkefnið hefur fengið styrk frá Menningarráði Norðurlands vestra.

Skagfirska kirkjurannsóknin. Stærsta einstaka rannsóknarverkefni byggðasafnsins er Skagfirska kirkjurannsóknin en með henni er ætlunin að rannsaka heimildir og ummerki um allar elstu kirkjur og kristna grafreiti í Skagafirði. Tvö verkefni á árinu tengdust rannsókninni.

Seylukirkjurannsókn. Í tengslum við annan áfanga skagfirsku kirkjurannsóknarinnar stóð safnið fyrir og vann að uppgrefti á 11. aldar kirkjugarði á Stóru-Seylu á Langholti í samstarfi við SASS hópinn undir stjórn Douglas Bolender og John Steinberg. Rannsóknin leiddi í ljós leifar kirkjugarðs og kirkju sem aflögð hafa verið fyrir gjóskufallið mikla úr Heklu 1104. Óvæntustu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að flestar grafanna í garðinum hafa verið tæmdar og líkin/beinagrindurnar fluttar í annan kirkjugarð, líklega garð þann sem liggur um 50m ofar í landinu. Þessi beinaflutningur hefur einnig átt sér stað fyrir 1104 og er elsta heimild um slíkan gjörning. Rannsóknin er tvíþætt, annarsvegar er hún framhald Skagfirsku kirkjurannsóknarinnar og hinsvegar er hún hluti rannsóknar sem miðar að því að þróa aðferðafræði við greiningu grafa og fornra kirkjugarða með jarðsjá. Rannsóknin var unnin fyrir styrk frá Fornleifasjóði og Bandaríska rannsóknarsjóðnum (NSF). Reiknað er með að henni ljúki sumarið 2013.

Myndin sýnir vinnu við kirkjutóftina á Stóru-Seylu. Horft er til vesturs upp á hæðina þangað sem bærinn var fluttur einhvern tíma stuttu fyrir 1100.



Rannsóknir og útgáfa niðurstaðna úr Keldudalsuppgrefti. Árin 2002 og 2003 fóru fram fornleifarannsóknir á fornum kirkjugarði og kumlateigi sem höfðu fundist

óvænt við framkvæmdir á bænum Keldudal í Hegranesi. Um var að ræða svokallaðar neyðarrannsóknir sem miðuðu að því að bjarga eins og hægt væri þeim minjum sem upp höfðu komið. Auk þess sem byggðasafnið og Hólarannsóknin lögðu fram vinnu sérfræðinga fengust fjárframlög til hluta uppgriftarins frá Menntamálaráðuneytinu og Kristnihátíðarsjóður styrkti ýmsar sértækar rannsóknir, svo sem frumgreiningu beina og DNA sýnatöku. Hinsvegar hefur endanleg samantekt gagna og úrvinnsla þeirra aldrei farið fram sökum fjárskorts. Unnið var að gerð lokaskýrslu um uppgröftinn og þær greiningar sem unnar hafa verið á efniviðnum. Úrvinnslan og samantektin er unnin fyrir styrk frá Fornleifasjóði.

Beinarannsóknir. Frekari rannsóknir fóru fram á mannabeinunum sem upp komu við Keldudalsrannsóknir 2002-2003 auk þeirra beinagrinda sem upp hafa komið við kirkjurannsóknina. Þar er einkum um að ræða fornmeinafræðilegar úttekt og sýnatöku vegna smásjárrannsókna á tannsteini fornmannanna.



Dr. Kimmarie Murphy mannabeinafræðingur við Kenyon College Ohio kom til Skagafjarðar með tveimur nemum til að vinna að verkinu í samstarfi við Guðnýju Zoëga mannabeinafræðing safnsins. Kenyon College Ohio styrkti ferðir og uppihald auk þess sem Kenyon College lagði til búnað og laun sérfræðinga.

Hannah Smith, bandarískur beinafræðinemi, við sýnatöku úr þúsund ára gömlum tannsteini eins Kelddælingsins. Tannsteinninn sem ekki hefur komist í tæri við nútíma tannlækningar getur geymt mikilvæga vitneskju um mataræði og almennt lífsviðurværi til forna.

Aðrar rannsóknir

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Þrjár fornleifaskráningar voru unnar vegna deiliskipulagsgerðar. Skráning var unnin fyrir Fjarðabyggð vegna deiliskipulags Helgustaðanámunnar, fornrar silfurbergsnámu í Reyðarfirði. Einnig fór fram skráning fyrir Landsvirkjun vegna breytinga á veituleið Blönduvirkjunar á Auðkúluheiði. Þriðja skráningin var unnin fyrir Húnavatnshrepp vegna breytinga á deiliskipulagi vegna jarðefnistöku á Æsustöðum í Langadal.

Fornleifarannsókn að Skógum í Fnjóskadal. Fornleifadeildin stjórnaði viðamikilli fornleifarannsókn á 10.-13. aldar járnvinnsluminjum að Skógum í Fnjóskadal. Verkið var unnið fyrir Vegagerðina vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð Vaðlaheiðarganga. Þar kom í ljós að vinnsla járns úr mýrarrauða eða svonefndur rauðablástur sem hefur verið stundaður á Skógum hugsanlega frá landnámsöld en verið hætt nokkru fyrir 1300. Um er að ræða stóriðju síns tíma því járnframleiðslan hefur hlaupið á tonnum. Auk járnvinnslunnar komu í ljós merki um umtalsverða vinnslu annarra málma og er ljóst að á Skógum hefur a.m.k. einnig verið unnið við bræðslu kopars. Þessi uppgröftur á Skógum hlýtur að teljast merkileg viðbót við iðnsögu landsins, þar sem ekki hefur áður jafn umfangsmikill járnvinnslustaður verið grafinn

upp í heild sinni og kunna niðurstöður hans að varpa ljósi á margt er varðar innlenda framleiðslu á járni á miðöldum.



Loftmynd sem sýnir járnvinnsluvæðið. Til hægri á myndinni er veglegur gjallhaugurinn. Könnunarskurður var tekinn þvert í gegn um hann. Fyrir miðri mynd eru byggingar og járngerðarofnar (hvíta stika vinstra megin við miðja mynd er 1m að lengd). Þessi staður mun hverfa undir eystri vegskála Vaðlaheiðargagna.

Annáll húsnæðismála hjá Byggðasafni Skagfirðinga

Starfsemi Byggðasafns Skagfirðinga er í þremur húsum í Glaumbæ á Langholti og í Minjahúsinu á Sauðárkróki. Þar eru skrifstofur, geymslur og sýningar. Í húsnæði Vesturfarasetursins á Hofsósi og í Sögusetri íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal eru safnmunir í sýningum og nokkrar búvélar eru geymdar hjá Sigmari Jóhannssyni í Lindarbæ í Sæmundarhlíð. Þær voru áður geymdar á Hólum.⁸

Jörðin Glaumbær I er í eigu ríkisins. Gamli bærinn, þar sem Byggðasafnið er með sýningu, er eign ríkisins. Lóð sem afmörkuð er fyrir safnið í Glaumbæ er í umsjón byggðasafnsins, sem og Áshúsið og Gilsstofan, sem standa á safnlóðinni í Glaumbæ. Salernishús sem sett var upp sumarið 2010 er eign Eignasjóðs Skagafjarðar⁹ eins og Minjahúsið á Sauðárkróki og lóð þess.

1948 stofnaði Sýslunefnd Skagafjarðarsýslu Byggðasafn Skagfirðinga og samdi við Þjóðminjasafn Íslands um að það fengi gamla bæinn í Glaumbæ til afnota fyrir safnið. Byggðasafnsnefnd var sett á fót sem yfirstjórn safnsins.

⁸ Eitt af mörgum áformum safnsins í fyrirbyggjandi safnstefnu var að færa búvélar úr geymslu á Hólum. Sjá *Stefnu Byggðasafns Skagfirðinga 2010-2013 ...* Bls.7-8.

⁹ Eignasjóður leigir safninu Minjahúsið og salernishúsið, Áshús og Gilsstofu.

1952 Þann 15. júní, var opnuð sýning í gamla bænum. Samningur var gerður við Þjóðminjasafnið um að 2/3 aðgangseyris rynni til Byggðasafnsins, til reksturs og uppbyggingar, og 1/3 til Þjms. til viðhalds á bænum. Byggðasafnsnefnd réði safnverði (gæslufólk) til sýningarinnar í bænum yfir sumartímann. Þeir voru launaðir af sýslunefnd (að mestu af aðgangseyri).

1970-80 var reist hús í suðaustur horni safnlóðar sem í voru salerni fyrir safngesti og verkfærageymsla. Skúrinn var orðinn yfirfullur af verkfærum 1987 og safngripum sem annaðhort voru laskaðir eða áttu ekki heima í sýningum í gamla bænum. Skúr þessi var óupphitaður og því vatnslaus yfir vetrartímann en hann var vel smíðaður og músheldur og því var óhætt að geyma í honum pappíra, verkfæri og frostþolna safngripi yfir vetrartímann. Þar voru einnig geymdir munir sem tekið hafði verið við og pössuðu með engu móti í gamla bæinn.



Svarti skúrinn, eins og hann var alltaf kallaður, var smíðaður af Ingólfi Nikodemussyni, trésmið og formnanni byggðasafnsnefndar um árabil.

1987 var ráðinn minjavörður fyrir Skagafjörð, að hálfu launaður frá Þjóðminjasafni og að hálfu frá Skagafjarðarsýslu.¹⁰ Minjavörður gegndi jafnframt stöðu safnstjóra við Byggðasafnið. Starfið fólst í:

- „að hafa yfirumsjón með byggðasafninu og jafnframt að vera eins konar fulltrúi Þjóðminjasafnsins“¹¹ hvað snerti minjavörzlu, eftirlit friðlýstra minja og gamalla bygginga.
- að annast Byggðasafnið og marka því stefnu í söfnun og varðveislu, rannsóknnum og miðlun.
- skrá muni og grisja í sýningunni í gamla bænum.
- finna nothæft húsnæði fyrir safngeymslu.

1988 var leitað að hentugu húsnæði fyrir safngeymslu. Ábending kom fram um að elsti sýslukontór Skagfirðinga (Gilstofan) væri enn til og falur ef sýslunefnd vildi nýta hann. Ákveðið var að þiggja hann og flytja í Glaumbæ og var hugmynd uppí um að halda þar síðasta sýslunefndarfundinn en sýslunefndin rann skeið sitt á enda sem stjórnsýslustig árið 1989. Kontórinn þarfnæðist kostnaðarsamrar viðgerðar.

1989 urðu breytingar á Þjóðminjalögum sem leiddu m.a. til þess að verkefni minjavarðar fyrir Þjóðminjasafnið féllu út og þar með hlutverk hans.

¹⁰ Sigríður Sigurðardóttir var ráðin til starfa, send frá Þjóðminjasafni Íslands.

¹¹ Þór Magnússon (1988). Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1987 (141-158). Bls. 156. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1987. Ritstjóri Inga Lára Balvdinsdóttir. Reykjavík.

- Magnús Jónsson bóndi í Ási í Hegranesi gaf safninu hús sem hafði staðið í Ási frá 1884 og hann vildi losna við. Áshúsið var mun stærra hús en sýslukontórinn (Gilsstofan) og þótti betri kostur fyrir safnið með fleiri nýtingarmöguleikum.
- Sýslunefndin var lögð niður. Þótt áform um sýslukontórinn væru spennandi var sýnt að viðgerðarkostnaðar yrði það mikill að ekki væri hægt að fjármagna viðgerðir tveggja húsa í senn. Þar sem húsið frá Ási var stærra og leysti fleiri vandamál en sýslukontórinn var ákveðið að geyma hann á meðan viðgerð fór fram á Áshúsinu.
- Héraðsnefnd tók við Byggðasafninu af sýslunefnd og réði safnstjóra í fullt starf. Byggðasafnsnefnd fór áfram með málefni safnsins.

1990 var tekið á leigu herbergi, í kjallara Dvalarheimilis aldraðra á Sauðárkróki, fyrir safngeymslu á meðan leitað var að hentugra húsnæði.

1991 var Áshúsið flutt að Glaumbæ. Héraðsnefnd kostaði viðgerðir á húsinu með stuðningi frá Húsafriðunarnefnd.

1994 var safnsvæðið stækkað. Bilastæðin sem voru meðfram vegi vestan við gamla bæinn voru flutt suður fyrir safnlóðina.

- Endurnýjaður var samningur við Þjóðminjasafn Íslands vegna bæjarafnota í Glaumbæ. Nýr samningur fól í sér að Byggðasafnið tæki við rekstri bæjarins, þ.m.t. kyndingu og aðgangseyrir félli óskiptur til þess. Á móti átti Byggðasafnið að sjá um og greiða viðhaldsvinnu á bænum. Þjóðminjasafnið útvegaði efni til viðhalds, veitti ráðgjöf og sá um stórviðgerðir.
- Samið var við Hólaskóla um að safnið fengi að geyma þar nokkrar búvélar sem talið var mikilægt að varðveita.
- Eldur kviknaði í Áshúsinu nokkrum dögum áður en átti að taka það í notkun. Skemmdir urðu talsverðar. Viðgerðir hófust á ný. Opnun hússins tafðist um ár.



Áshúsið er til vinstri og Gilsstofan til hægri. Á milli húsanna sér til kirkju og gamla bæjarins.

- 1995 Áshúsið var opnað fyrir almenning. Geymslurými jókst, móttaka gesta batnaði mikið og aðstaða til sýninga og varðveislu. Helmingur miðhæðar hússins var leigður undir kaffistofurekstur. Settar voru upp sýningar á loftinu. Í kjallara var sett safngripa- og verkfærageymsla.¹² Safnstjórinn fékk skrifstofu.¹³
- 1997 var Gilsstofan svokallaða (sýslukontórinn) endurbyggð í Glaumbæ á kostnað safns og Héraðsnefndar. Sýningaraðstaða jókst, safnstjóri fékk skrifstofu og sumarstarfsmenn eignuðust athvarf.
- 1998 var Héraðsnefnd lögð niður og Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur tóku við rekstri safnsins.¹⁴
- Minjahúsið á Sauðárkróki var fellt undir starfsemi Byggðasafnsins og safninu gert að nýta húsið í samstarfi við Kristján Runólfsson einkasafnara en Sauðárkróksbær hafði látið honum í té afnot af húsinu árið 1996.
 - Efri hæð Minjahússins þarfnæðist viðgerða. Svo er enn.
 - Glaumbæjarkirkja var opnuð sem vegkirkja. Sú ráðstöfun sóknarnefndar varð til þess að margir safngestir nýttu sér hana og gestir dreifðust betur um safnsvæðið en áður var. Á móti tók safnið að sér eftirlit og þrif á kirkjunni yfir sumartímann.
- 2002 var endurnýjaður samningur milli Þjóðminjasafns Íslands og Byggðasafnsins um rekstur gamla bæjarins í Glaumbæ. 800 þús. kr. þak var sett á árlegt rekstrar- og viðhaldsfé til bæjarins frá Byggðasafni.
- Sýningar voru settar upp í norðurenda neðri hæðar Minjahússins. Verkstæði Jóns og Ingólfs Nikodemussona voru flutt þangað og sett upp ásamt úrsmíðaverkstæði Jörgens Franks Michelsen og söðlasmíðaverkstæði. Safnasjóður og Fjárlaganefnd Alþingis styrktu flutning og uppsetningu verkstæðanna.
- 2003 ljóst var að gera þurfti við Minjahúsið fyrr en seinna, ytra sem innra.¹⁵ Byggðasafnið kostaði málningu á húsið þetta ár og fékk ungmenni til að skrautmála það til að vekja athygli á því. Aðgerðin var hugsuð til bráðabirgða á meðan ekki tækist að fjármagna viðgerðir og nýja klæðningu.
- Garður var hlaðinn umhverfis lóð safnsins í Glaumbæ fyrir styrk frá Fjárlaganefnd Alþingis.

¹² Ekki tókst að ganga frá gólfi og öllu vatnslögnum og var skilið við kjallarann allan í einu rými. Samþyli safns og kaffistofu í kjallaranum hefur verið vandasamt, hvort sem litið er til safngripa og umferðar, verkfæra eða kælikápa og vista kaffistofunnar.

¹³ Skrifstofan var í norðausturstofu Áshússins. Áður var starfsmannaaðstaða safnsins stóll í óupphituðum skúr sem Ingólfur Nikodemusson byggði í suðausturhorni safnlóðarinnar á 8. áratug 20. aldar.

¹⁴ Hreppsnefnd Akrahrepps samdi við Sveitarfélagið Skagafjörð um rekstur safnsins fyrir sína hönd en hreppurinn tekur þátt í (5%) rekstrarkostnaði við safnið. Málefni safnsins voru falin menningarnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

¹⁵ Mest öll neðri hæð Minjahússins (Pakkhússins) á Sauðárkróki var gerð sýningartæk árið 1996. Syðri hluti neðri hæðarinnar fékk aðhlynningu á árabílinu 2004-2011 en nokkur atriði eru enn ófrágengin, s.s. þröskuldar, innri gluggabúnaður, salerni, rafmagns- og þvottakompa.



Minjahúsið á Sauðárkróki árið 2012. Húsið var málað 2003. Málningin er farin að flagna af húsinu víða og brátt munu listaverk Guðbrands Ægis og vinnuskólanemanna hverfa.



2004 var Dvalaraheimilisgeymslunni sagt upp¹⁶ og safnmunum komið fyrir á efri hæð Minjahússins. Óvissa var um framgang safnamála hjá Kristjáni Runólfs-syni.¹⁷ Styrkur fékkst frá Safnasjóði til að kosta búnað í geymslu á Minjahús-loftinu. Skilrúmunum og hillum var komið fyrir og safngripir fluttir til.¹⁸

- Eignasjóður Sveitarfélagsins Skagafjarðar fór að reikna svokallaða innri leigu á safnhúsin.¹⁹

¹⁶ Stofnkostnaður við góða safngeymslu, sem er lykillinn að farsælu safnastarfi, er mikill. Kjallara-geymslan á Dvalaraheimilinu var langskásti kosturinn í stöðunni, þótt til bráðabirgða hefði verið í upp-hafi. Þegar Muna- og minjanefnd Sauðárkróksbæjar var sameinuð Bygðasafninu þótti ópraktískt að Bygðasafnið nýtti ekki hálfómt loftið í Minjahúsinu. Var því ákveðið að færa safngripi þangað, í eigið húsnaði hins nýja sveitarfélags.

¹⁷ Kristján Runólfsson flutti starfsemi sína úr húsinu í árslok 2004.

¹⁸ Hvorugt húsið var góður kostur fyrir safngeymslu. Í kjallarann gat flætt vatn og upp á loftið var gengið um svo þröngan stiga að undanþágu þyrfti frá byggingasamþykktum til að nota húsið. Alla stærri safnmuni þarf að hífa upp á gömlum „hlaupaketti“ (lyftu) frá miðri 20. öld.

¹⁹ Þrátt fyrir að innri leiga sé reiknuð sem framlag til safnsins hefur það kostað flestar aðgerðir s.s. við safngeymslu og viðhald húsa. Innir leigan hefur því hingað til fyrst og fremst verið pappírsframlag sem skekkir mjög þá mynd sem gefin er um raunframlag sveitarfélaganna til starfsemi safnsins.

- 2005 voru settar upp sýningar í Minjahúsinu og lokið við uppsetningu safngeymslu og rannsóknaraðstöðu, ásamt skrifstofu fyrir Fornleifadeild. Aðgerðirnar voru kostaðar með styrk frá Fjárlaganefnd Alþingis og Safnasjóði.
- 2007 var sett upp vatnsúðunar- og viðvörunarkerfi í safngeymslunni í Minjahúsinu, fyrir styrk sem safnið fékk frá Fjárlaganefnd Alþingis.
- 2008 var óskað eftir því við Skipulagsnefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar að unnið yrði deiliskipulag fyrir safnsvæðið. Styrkur fékkst frá Samgönguráðuneyti til að vinna hugmyndir. Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem hafði séð um skipulagið 1991, var kallaður til. Hann teiknaði hugmynd að útliti og staðsetningu nýs aðstöðuhúss og stækkun svæðisins með meiri dreifingu gesta í huga. Starfsmönnum safnsins var fulljóst að bregðast þyrfti við vaxandi ferðamannafjölda, sem olli því að á mestu álagstímum mynduðust langar biðraðir við salernin í Áshúsinu og voru farin að valda óþarfa þirringi og neikvæðum athugasemdum gesta.
- Á fundi með fulltrúum sveitarfélagsins í mars var útskýrð þörf safnsvæðisins fyrir fleiri salerni, stærra bílastæði og meiri dreifingu gesta. Kynntar voru hugmyndir Hjörleifs Stefánssonar.
 - Sótt var um styrk til Ferðamálastofu og Iðnaðarráðuneytis til aðgerða í Áshússkjallara. M.a. til að setja þar inn fleiri salerni. Áætlaður kostnaður var 7-8 millj. kr. Styrkur fékkst að upphæð 1. millj. kr. Safnið gat ekki tekið á sig 6-7 millj. kostnað við aðgerðina og sveitarfélögin voru ekki tilbúin í að tryggja mótframlag. Safninu var því ófært að þiggja styrkinn.
 - óskað var eftir því við Guðrúnu Jónsdóttir arkitekt að hún deiliskipulegði safnsvæðið samkvæmt fram komnum hugmyndum, en hún hafði unnið deiliskipulag fyrir prestbústað og kirkju norðan við safnsvæðið.
- 2010 var byggt smáhýsi, sem í voru salerni og verkfærageymsla, og sett niður sunnan við bílastæðin í Glaumbæ.
- 2011 fauk þakkjölurinn af hluta Minjahússins. Nýr var settur í staðinn og gert var við þakleka.
- 2012 á fundi í mars var óskað eftir því við menningarnefndarfulltrúa, sviðsstjóra markaðs- og þróunarsviðs og sveitarstjóra að unnið yrði deiliskipulag fyrir safnsvæðið í Glaumbæ þar sem horft væri til framtíðar.
- Ný rafmagnstafla var sett upp í Minjahúsinu vegna bilana í þeirri gömlu.
 - Ferðamálastofa veitti styrk til deiliskipulagsgerðar í febrúar 2013.